



Reykjavík, 30. nóv. 2020

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Umsögn Fatahönnunarfélags Íslands við frumvarps til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja), 310. Mál.

## Hlutur hönnuða í launasjóði listamanna

Skapandi greinar eru vaxtarsproti sem gefa ætti aukinn gaum samkvæmt kortlagningu íslenskra stjórnvalda á efnahagslegum áhrifum þeirra. Í því samhengi má benda á að í Danmörku er fatahönnun arðbærust allra skapandi greina og veltir um 7.5 milljörðum evra á ári en þar af er 50% útflutningur.

Fagið er ungt hér á landi en hefur verið kennt við Listaháskóla Íslands í tæp 20 ár. Á þeim tíma hefur orðið til ný auðlind á Íslandi í formi fagþekkingar en að sama skapi hefur myndast gjá milli menntunar og iðnaðar þar sem atvinnugreinin hefur ekki verið byggð upp í takt við vaxandi hóp fatahönnuða. Lítið er um störf og hönnuðir fara því margir þá leið að skapa þau sjálfir.

Ein helsta hindrun íslenskra hönnuða felst í skorti á trúverðugleika og skilningsleysi á þeim verðmætum sem geta falist í greininni. Þetta endurspeglast m.a. í styrkveitingum líkt og sjá má þegar lítið er til hlutar hönnuða og arkitekta í launasjóði listamanna en þar er hlutdeild þeirra aðeins 3% af heildarúthlutun þrátt fyrir að Listaháskóli Íslands hafi á undanförunum árum útskrifað töluvert fleiri úr hönnunar- og arkitektúrdeild en öðrum deildum.

Einhverjir gætu sagt að hönnunargreinar séu tengdari viðskiptalífinu en aðrar skapandi greinar og því óþarft að veita hönnuðum listamannalaun. Skilgreining Listaháskóla Íslands á hönnun er að hún sé ekki afurð heldur aðferðafræði – rannsókn, rökhuksun, afstaða, fagurfræði, innsæi, ímyndunarafli – og má segja að þessi skilgreining geti verið ágætis útskýring á því hvaða vinna liggur að baki þeim afurðum sem teljast til íslenskrar hönnunar. Staðreyndin er líka sú að allar aðrar listgreinar sem eiga kost á listamannalaunum gefa af sér söluhæfar afurðir og því óþarfi og ósanngjarnnt að taka hönnuði út fyrir sviga hvað þetta varðar. Á tímum þar sem áskoranir á sviði loftlagsbreytinga verða sífellt meira aðkallandi hafa hönnuðir einnig leitt samtalið um það hvernig hægt er að bregðast við og minnka neyslu. Þannig hefur vinna hönnuða færst sífellt

meira í átt að hugmyndafræðilegri nálgun þar sem tekist er á við margar af stærstu og mikilvægustu spurningum samtímans um hvernig er hægt að innleiða nýjar og sjálfbærari lausnir í líf okkar. Þó fagið sé ungt er enginn skortur á hæfni. Grasnótastarfsemi hefur verið áberandi og hefur leitt af sér mörg verkefni sem hlotið hafa alþjóðlega athygli og viðurkenningu. Til þess að Ísland geti verið samkeppnishæft alþjóðlega á þessu sviði er gríðarlega mikilvægt að styðja við þessa grasnótastarfsemi og gefa henni vængi.

Þegar litið er til fatahönnunar á alheimsvísu sætir iðnaðurinn mikilli gagnrýni vegna hraða og offramleiðslu. Hér á Íslandi hafa hönnuðir snúið vörn í sókn og eru í lykilstöðu til að verða leiðandi á sviði sjálfbærni í hönnun. Það má segja að hér séu kjöraðstæður þar sem iðnaðurinn er ekki háður umhverfisspillandi öflum. Leiða má líkum að því að í kjölfar Covid-19 verði krafa neytenda um umhverfisvitund, gæði og hægari þróun enn háværi og eru sóknarfæri íslenskra hönnuða augljós í því samhengi. Að sama skapi er gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld styðji við það frumkvöðla og nýsköpunarstarf sem á sér stað innan greinarinnar í þessar áttir svo að hugmyndir komist í framkvæmd.


Fjöldi úthlutaðra mánaða hönnuða hefur haldist óbreyttur frá því að lög um listamannalaun frá árinu 2009 tóku gildi og eru þeir 50 talsins (að undanskildum árunum 2010 þegar mánuðirnir voru 20 og 2011 þegar mánuðirnir voru 35).

Árið 2020 var listamannalaunum úthlutað til alls 325 einstaklinga og af þeim eru einungis 7 hönnuðir sem fengu úthlutun, heil 2,2% af heildarföldanum. Að baki þessara 7 hönnuða standa arkitektar, húsgagna- og innanhússarkitektar, landslagsarkitektar, vöru- og iðnhönnuðir, leirlistamenn, fatahönnuðir, textílhönnuðir, gullsmiðir, teiknarar og grafískir hönnuðir.

Árið 2020 var sótt um alls 697 mánuði í starfslaun hönnuða af 50 mögulegum. Eftirspurn í starfslaun hönnuða er um 14 sinnum hærra en framboð. Í myndlist var sótt um 3233 mánuði af 435 mögulegum og er eftirspurn þar 7,5 sinnum hærra, 5,1 hjá rithöfundum, 7,2 hjá tónlistarflytjendum, 7,7 hjá tónskáldum og 8,7 hjá sviðslistum. Ljóst er að samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er hlutfallslega lang mest eftirspurn eftir starfslaunum hönnuða.

Hönnun hefur alla möguleika á að vera vaxtarsproti fyrir Ísland, ekki síst nú þegar ljóst er að byggja þarf upp nýjar atvinnugreinar. Taka þarf afstöðu með þessari nýju og vannýttu auðlind - íslenskum hönnuðum - og stuðla að því að viðhalda gæðum og uppbyggingu innan greinarinnar ásamt því að auka verðmætasköpun með því að styðja markvisst við hana. Því hvetur stjórn fagfélags fatahönnuða á Íslandi til þess að hlutur hönnuða verði eflur svo um munar í launasjóði listamanna. Þetta er líka sanngirniss- og réttlætis krafa um að hönnuðir sitji við sama borð og aðrar listgreinar.

Fyrir hönd stjórnar Fatahönnunarfélags Íslands,



Guðrún Guðjónsdóttir, formaður stjórnar